

Sprengihættusvæði

Í grein 168.3 í byggingarreglugerð segir:

„Brunamálastofnun ríkisins setur nánari reglur um búnað og aðferðir til varnar gegn sprengiþrýstingi.“

Viðmiðun:

Mat á sprengihættusvæðum

Sprengihættusvæði eru metin skv. staðli ÍST EN 60079-10:1996 (IEC 79-10). Raftæki fyrir sprengihættusvæði - 10. hluti: Flokkun hættusvæða. Vísað er til SEK Handbok 426 sem inniheldur staðalinn með skýringum.

Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum

Um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum má sjá í reglugerð nr. 144/1994 um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum með eða án tiltekinnar varnartilhögunar.

Aðrar viðmiðanir varðandi sprengihættustaði:

- NFPA 69 Explosion Prevention systems.
- IEC 79-13. Construction and use of rooms or buildings protected by pressurization.
- IEC-12. Classification of mixtures of gases of vapours with air according to their maximum experimental safe gaps and minimum igniting currents.

Reglur um brunavarnir spennistöðva

1. Spennistöðvarými skulu almennt vera í sérstæðri byggingu. Um bil milli spennistöðvarhúss og nálægra húsa gilda ákvæðl byggingarreglugerðar (nr. 441/1998). Sé fjarlægð milli húsa minni en ákvæði nefndra reglugerða kveða á um, skal gera þær ráðstafanir sem skilgreindar eru í sérákvæðum reglugerðanna eða eru í samræmi við brunatæknilega hönnun, samþykkt af brunamálastjóra.

2. Spennistöðvar, sem eru hluti af annarri byggingu og innihalda allt að 1000 lítra af olíu, skulu a.m.k. vera úr A-EI60 byggingarhlutum, veggir, loft og gólf.

Aðkoma að spennistöðinni skal að jafnaði vera utanfrá.

Ef hurð inn í húsnæðið sem spennistöðin er hluti af er nauðsynleg, skal hún vera a.m.k. A-EI60.

Strengjagegntök o.p.h. úr spennistöðinni inn í húsið sem hún er hluti af skulu hafa a.m.k. sama brunapol og hurðin.

Krafist er sama brunapols (A-EI60) af loftræstistokkum. Þetta brunapól næst með eldvarnareinangrun og/eða sjálflokandi brunalokum samkvæmt brunatæknilegum útreikningum eða gildandi reglugerðarákvæðum þar að lútandi. Sjálflokandi brunaloku er ætíð krafist í loftræstistokk frá spennistöð ef stokkurinn opnast inn í aðra hluta byggingarinnar eða tengist sameiginlegu loftræstikerfi byggingarinnar. Loftræstibúnaður skal stöðvast sjálfkrafa við bruna.

Hurðir, loftræstistokkar og op, sem opnast út undir bert loft, skulu vera þannig staðsett og frá þeim gengið, að ekki sé hætt á útbreiðslu elds frá þeim.

3. Staðsetja skal spennistöðvar þannig, bæði innan húss og utan, að flóttaleiðir úr eldsvoða skerðist ekki af olíureyk eða rennandi olíu.

4. Spennistöðvar, sem geyma meiri olíu en að framan greinir og eru á stað þar sem þær geta valdið eldhættu eða eru í meiri háttar brunaáhættu,

Byggt á orðsendingu BR nr. 12 frá 1984.